

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Húnaþingi vestra

20. júní 2025

**Efni: Umsögn um áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja)**

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um endurskoðum laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja), þar sem lagt er til að undanþága rafveitna frá fasteignamati verði afnumin.

Stjórnin fagnar þessum áformum og lítur á þau sem mikilvægt skref í átt að sanngjarnari og réttlátari tekjustofnum sveitarfélaga.

Með auknum skatttekjum vegna orkumannvirkja skapast aukin geta sveitarfélaga til að veita íbúum sínum öflugra og staðbundna þjónustu og ráðast í nauðsynlega uppbyggingu innviða sem styður við atvinnulíf, búsetu og velferð í heimabyggð.

SSNV tekur einnig undir með Sambandinu um mikilvægi þess að við nánari útfærslu kerfisins verði haft náið samráð við sveitarfélög, meðal annars hvað varðar skiptingu skatttekna, hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og framkvæmd skattlagningar.

Fyrir hönd stjórnar SSSNV

  
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, framkvæmdastjóri.